

Mánudaginn 13. mars 1995.

Nr. 2/1995.

Sjúkraliðafélag Íslands

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Verkfall. Yfirvinna. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðmundur Skaftason og Eiríkur Helgason.

Málið, sem dómtekið var 6. þ.m., er höfðað með stefnu, sem er árituð ódagsett um birtingu og þingfest 6. febrúar 1995.

Stefnandi er Sjúkraliðafélag Íslands (SLFÍ), kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að Félagsmenn SLFÍ sem voru í verkfalli tímabilið 11. nóvember 1994 til 30. desember 1994 og voru kallaðir tímabundið til starfa í verkfallinu á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 eigi rétt til greiðslu yfirvinnukaups skv. grein 2.3., sbr. grein 1.5. í kjarasamningi stefnanda og stefnda, sem var í gildi þegar verkfallið hófst, fyrir þann tíma sem þeir unnu í verkfallinu.

Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt ákvörðun Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo: Sjúkraliðafélag Íslands er stéttarfélag sem hefur samningsrétt í kjaramálum fyrir félagsmenn sína á grundvelli 5. gr. laga nr. 94/1986. Félagið boðaði verkfall gagnvart stefnda sem stóð frá 11. nóvember 1994 til 30. desember 1994, þegar kjarasamningar tókust. Í verkfallinu hafi komið upp ýmis álitamál varðandi túlkun á síðastgildandi kjarasamningi SLFÍ, en skv. 2. mgr.

12. gr. laga nr. 94/1986, skyldi eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefði verið gerður.

Í máli þessu er leitað túlkunar Félagsdóms á því állitaefni hver laun skuli greidd til verkfallsmanna, sem kallaðir eru tímabundið út til starfa í verkfalli skv. reglunum í 20., sbr. 21. gr. laga nr. 94/1986. Stefnandi setti fram þá kröfu, áður en verkfallið hófst, að viðsemjendur hans viðurkenndu að fyrir útköll skv. 20. gr. yrði greitt yfirvinnukaup skv. kjarasamningi. Þessu var hafnað af stefnda. SLFÍ hafði lýst því yfir að félagsmenn þess teldu sig eiga rétt til yfirvinnukaups, ef þeir væru kallaðir til vinnu í verkfalli, og teldu sér ekki skylt að mæta til vinnu í verkfalli nema fyrirfram væri ljóst að á það væri fallist. Frá þessari samþykkt var fallið með bókun hjá Ríkissáttasemjara, sem gerð var kvöldið áður en verkfallið skall á. Í bókuninni segir að stefnandi áskilji sér rétt til þess að leita til Félagsdóms vegna ágreinings um hvaða laun skuli greidda starfsmönnum sem kallaðir eru til vinnu í verkfalli skv. 20. gr. laga nr. 94/1986.

Félagsmenn stefnanda, sem kallaðir voru tímabundið til starfa í verkfallinu, hafa fengið greidd laun frá stefnda. Fyrir vinnu á dagvinnutíma var greitt skv. kjarasamningsgrein 1.4.1., þ.e. 0,615% af mánaðarkaupi sjúkraliða skv. 6. launaprepi, en fyrir helgar-, kvöld- eða næturvinnu var greitt yfirvinnukaup skv. gr. 1.5.1. í kjarasamningnum án kaffitímaálags (25 mín.). Stefndi hefur hafnað kröfu um greiðslu útkalls- eða yfirvinnulauna.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Lagareglur um verkföll opinberra starfsmanna er að finna í III. kafla laga nr. 94/1986. Meginreglan er sú að verkfall tekur til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi, sem starfa hjá þeim sem verkfallið beinist gegn, eins og fram kemur í 18. gr. Félagsmönnum sé því hvorki rétt né skylt að leggja fram vinnu sína meðan verkfallið varir.

Frá meginreglunni séu fyrst og fremst tvenns konar undantekningar.

Sú fyrri sé í 19. gr. þar sem fram kemur að tilteknir félagsmenn hafi ekki heimild til þess að fara í verkfall. Vinnuskylda þessara félagsmanna breytist því ekki þrátt fyrir verkfallið. Þeir séu einfaldlega ekki í verkfalli og hafa því áfram óbreyttar skyldur við vinnuveitandann. Um laun þessa fólks, meðan á verkfalli stéttarfélags þess stendur, fari skv. 1. mgr. 22. gr. laganna.

Síðari undantekningin sé í 20. gr. laganna, sem hljóðar svo:

„Sé verkfall hafið er heimilt að kalla starfsmenn sem eru í verkfalli tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi.“

Í greinargerð með 20. gr. segi, að þrátt fyrir þær undantekningar frá verkfallsheimild sem byggjast á 3. tl. 19. gr. (nauðsynlegasta öryggisgæsla og heilbrigðisþjónusta) megi gera ráð fyrir því að í verkfalli geti komið upp aðstæður sem kalli á víðtækari undanþágu. Í því skyni að geta brugðist við slíkum aðstæðum sé sett heimild til þess að kalla starfsmenn til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi.

Í 21. gr. laganna segi að nefnd tveggja manna skuli ákveða hverjir skuli kvaddir til starfa skv. 20. gr. Tilnefni aðilar kjaradeilunnar sinn manninn hvor í þessa nefnd. Ákvarðanir nefndarinnar um kvaðningu til vinnu skuli teknar af báðum nefndarmönnum og séu þær endanlegar.

Í 22. gr. laganna séu reglur um laun og önnur kjör þeirra manna sem falla undir 19. gr. laganna, þ.e. þeirra sem ekki hafa heimild til þátttöku í verkfalli. Engin sérregla sé hins vegar í lögnum um laun og kjör þeirra verkfallsmanna sem kallaðir eru til starfa í verkfallinu á grundvelli heimildarinnar í 20. gr. Af 2. mgr. 12. gr. laganna hljóti að leiða að fara beri eftir síðastgildandi kjarasamningi aðila í því efni.

Um yfirvinnu er fjallað í kafla 2.3. í kjarasamningnum. Almenna skilgreiningu yfirvinnu er að finna í grein 2.3.1. Þar segir:

„Yfirvinna telst sú vinna, sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vinnuvöku starfsmanns, svo og vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé.“

Starfsmenn sem kallaðir eru til starfa skv. 20. gr. séu í verkfalli. Þeir hafi því engan daglegan vinnutíma eða vinnuvöku og enga vikulega vinnutímaskyldu. Öll vinna þeirra teljist því yfirvinna skv. skilgreiningunni í kjarasamningnum.

Samkvæmt kjarasamningum sé einungis heimilt að greiða tíma-kaup í dagvinnu í tilteknum tilvikum. Þau tilvik séu tæmandi talin í grein 1.4.2. Augljóst megi vera að útkall í verkfalli falli ekki þar undir.

Í grein 2.3.3. í yfirvinnukafla kjarasamningsins sé fjallað um út-

köll. Að mati stefnanda blasir við að ákvæðin í 2.3.3.1. og 2.3.3.2. eigi beint við um þau tilvik sem hér um ræðir.

Að mati stefnanda leiðir það af almennri málnotkun að eðlilegt sé að líta á kvaðningu til starfa skv. 20., sbr. 21. gr. sem útkall. Styðj-ist sá skilningur m.a. sérstaklega við orðnotkun í athugasemdum við 20. gr. í lagafrumvarpinu, en þar sé talað um heimild til þess að kalla starfsmenn til vinnu.

Í grein 1.5. í kjarasamningnum séu ákvæði um yfirvinnutímakaup. Það kaup eigi að gilda teljist starfsmaður vera í yfirvinnu.

Starfsmaður sem ekki geti sinnt útkalli í verkfalli vegna veikinda fái ekki greidd veikindalaun. Þá ávinnist ekki orlofsdagur vegna útkalls í verkfalli. Samkvæmt túlkun stefnda á kjarasamningnum ætli hann starfsmönnum sínum því lakari kjör er hann veitir tímavinnu- mönnum sínum í eðlilegu ástandi.

Þá er vakin athygli á því að félagsmönnum stefnanda hafi verið skylt að sinna útköllum í verkfallinu. Í reynd hafi sjúkraliðar því stöðugt verið á bakvakt (gæsluvakt) tilbúnir að sinna útkalli. Ekki sé greitt fyrir bakvaktir í verkfalli og engin krafa um það gerð.

Nokkrir viðsemjendur SLFÍ hafi greitt fyrir útköll í verkfallinu í samræmi við skilning stefnanda á kjarasamningnum t.d. Reykja- lundur og öldrunarstofnanirnar Skjól og Eir.

Aldrei fyrr hafi reynt á túlkun þessa atriðis kjarasamningsins milli félags innan BSRB og ríkisins, enda hafi félag innan BSRB ekki áð- ur efnt til verkfalls gegn ríkinu í gildistíð samningsréttarlaganna.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 130. gr., sbr. 129. gr. eml. Stefna- andi hafi ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af keyptri lögmannsþjónustu.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að í verkfalli falli niður skylda starfsmanns til að sinna starfi sínu, hvort heldur er samkvæmt vaktavinnuskipulagi eða venjulegri dagvinnu. Komi starfsmaður til vinnu á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, fari um greiðslu launa samkvæmt grein 1.4.1. í kjarasamningi stefnanda og stefnda, en samkvæmt 4. lið í grein 1.4.2. sé heimilt að greiða þeim starfsmönnum tímavinnukaup sem starfa óreglubundið í lengri eða skemmri tíma í algerum undantekningartilvikum. Af hálfu stefnda hafi verið talið augljóst að vinna í verkfalli á grund- velli 20. gr. laga nr. 94/1986 falli undir orð 4. liðar í nefndri grein

1.4.2. Hafi sú framkvæmd verið við lýði í öllum verkföllum opinberra starfsmanna, sbr. bréf stefnda til stefnanda, dags. 8. nóvember 1994. Þannig er því hafnað að vinna í verkfalli á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 geti með nokkru móti talist til bakvakta eða útkalla samkvæmt ákvæðum þar að lútandi í nefndum kjarasamningi.

Því er alfarið mótmælt að undanþágur á grundvelli nefndrar 20. gr. geti talist útköll þannig að greitt skuli fyrir á grundvelli kafla 2.3.3. í kjarasamningi. Því er ennfremur mótmælt að leiða megi það af almennri málnotkun að undanþágur samkvæmt 20. gr. teljist til útkalla. Í orðum ákvæðisins felst það að viðkomandi starfsmann megi kalla tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi. Þá sé orðum 21. gr. laga nr. 94/1986 hagað á þann veg að um sé að ræða kvaðningu til vinnu. Ekkert bendi til þess að nefnd ákvæði geri ráð fyrir því að um sé að ræða útköll til að sinna tilteknum afmörkuðum verkefnum. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 94/1986 segir: „Þrátt fyrir þær undantekningar frá verkfalli sem byggjast á 3. tl. 19. gr., má gera ráð fyrir að í verkfalli geti komið upp þær aðstæður sem kalli á viðtækari undanþágur.“ Bendi tilvitnuð ummæli beinlínis til þess að þegar starfsmaður komi til vinnu á grundvelli nefndrar 20. gr. sé um að ræða sams konar vinnu og gilda myndi um þann sem verkfallsheimild næði ekki til samkvæmt 3. tl. 19. gr. sömu laga og því geti ekki verið um að ræða útkall í skilningi þess hugtaks í hvorugu tilvikanna. Undanþágur á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 komi t.d. til ef starfsemi spítala sé orðin svo undirmönnuð vegna verkfalls að almennt geti leitt til neyðarástands. Undanþága miðist því við að afstýra slíku neyðarástandi fyrirfram með því að kveðja megi starfsmann til vinnu sinnar. Þannig hafi undanþágur í tilviki félagsmanna stefnanda verið miðaðar við að starfsmaður ynni eftir sambærilegu vinnufyrirkomulagi og ef ekki væri verkfall, hvort sem um hafi verið að ræða morgunvakt, kvöldvakt eða næturvakt. Óraunhæft sé að álykta að slík vinna verði metin sem útkall af þeirri ástæðu einni að verkfall sé yfirstandandi.

Stefnandi byggir á því að starfsmenn í verkfalli hafi ekki daglegan vinnutíma eða vinnuvöku og enga vikulega vinnuskyldu. Þar af leiðandi hljóti öll þeirra vinna að teljast yfirvinna samkvæmt skilgreiningu í grein 2.3.1. í kjarasamningi. Þessum skilningi stefnanda er eindregið mótmælt. Af hálfu stefnda er talið að þar sem starfsmaður

sem vinnur á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 hafi ekki daglegan vinnutíma eða vinnuvöku og enga vikulega vinnutímaskyldu, hljóti að fara um greiðslur til hans samkvæmt grein 1.4.2. sem um tíma-vinnukaup væri að ræða, enda fari vinna starfsmannsins ekki umfram hina daglegu eða vikulegu vinnutímaskyldu. Dagvinna er skilgreind þannig í kjarasamningi stefnanda og stefndu í grein 2.1.1. „Dagvinna skal unnin á tímabilinu 08:00-17:00 frá mánudegi til föstudags“. Stefndi telur því að réttilega hafi verið greidd laun fyrir dagvinnu í verkfalli samkvæmt nefndri grein 1.4.2., (lið 4). Ályktun stefnanda um að fyrir vinnu á dagvinnutímabili, hvort sem um er að ræða venjulegan dagvinnumann eða vaktavinnumann skuli greiða yfirvinnukaup á grundvelli greinar 2.3.1. í kjarasamningi fái því ekki staðist.

Varðandi rétt til veikindalauna og orlofsrétt séu málsástæður stefnanda þar að lútandi óviðkomandi kröfum hans og því hafnað sem þýðingarlausum.

Ekki er fallist á þann skilning stefnanda að félagsmenn hans hafi meðan verkfall varði verið á bakvakt (gæsluvakt), enda ekki um slíkt fyrirkomulag að ræða varðandi kvaðningu til vinnu á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986. Hins vegar hafi einstökum félagsmönnum verið skylt að hlíta niðurstöðu undanþágunefndar samkvæmt 21. gr. sömu laga.

Því er mótmælt að áhrif geti haft á réttarágreining aðila þótt einhverjir viðsemjenda stefnanda hafi greitt laun samkvæmt skilningi hans og bindi sú afstaða ekki stefnda eða fái breytt framkvæmd af hans hálfu. Vakin er athygli á því að Reykjalundur og öldrunarheimilin Skjól og Eir hafi ekki birt undanþágulista samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 og hafi því alfarið verið háðar niðurstöðum undanþágunefndar, sbr. 21. gr. sömu laga.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsins snýst um það eitt hvort greiða skuli félagsmönnum stefnanda tímakaup í dagvinnu, 0,615% af mánaðarkaupi miðað við 6. launaprep, sbr. gr. 1.4.1. í kjarasamningi aðila frá 8. desember 1992, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða hvort þeir skuli taka laun fyrir dag-

vinnu eftir yfirvinnutaxta, 1,0385% af mánaðarlaunum, samkvæmt gr. 2.3., sbr. gr. 1.5.1. í áðurgreindum kjarasamningi. Af málflutningi og gögnum málsins er ljóst, að deilan snýst ekki um greiðslu kaups fyrir vinnu um helgar og kvöld- og næturvinnu eða kaffitímaálag, enda er fram komið að yfirvinnukaup hefur í þeim tilvikum verið greitt eftir gr. 1.5.1. kjarasamningsins.

Skýra verður gr. 1.5.1. og gr. 2.3.1. í áðurgreindum kjarasamningi svo, að yfirvinnukaup greiðist því aðeins að fullnægt hafi verið umsaminni daglegri vinnuskyldu. Slík skylda var ekki fyrir hendi í þessu tilviki. Ekki nýtur við í lögum sérreglu um dagvinnulaun umræddra félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands hliðstætt því, er greinir í 22. gr. kjarasamningalaganna um laun og önnur kjör þeirra, sem skyldir eru til að starfa í verkfalli samkvæmt 19. gr. þeirra. Ákvæðin um yfirvinnu í gr. 2.3. í kjarasamningnum þykja þannig ekki taka til umræddra tilvika.

Á það er einnig að líta, að væri krafa stefnanda tekin til greina kæmi upp misræmi milli greiðslu dagvinnukaups þess fólks, sem vinnur samkvæmt 3. tl. 19. gr. kjarasamningalaganna og félagsmanna stefnanda málsins er kvaddir eru til vinnu samkvæmt 20. gr. Hvernig svo sem virða ber dagvinnukaupið, 0,615% af mánaðarlaunum þá er um samningsbundna tölu að ræða, sem ekki er á valdi Félagsdóms að breyta.

Með vísan til framanritaðs ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sjúkraliðafélags Íslands, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Auðar Þorbergsdóttur og
Eiríks Helgasonar.

Ágreiningur aðila er um það hvort félagsmenn stefnanda, sem kallaðir voru til starfa í verkfalli stefnanda tímabilið 11. nóvember

1994 til 30. desember 1994 á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986, eigi rétt til yfirvinnutímakaups eða dagvinnutímakaups.

Í grein 1.4. í kjarasamningi aðila er fjallað um tímakaup í dagvinnu. Í 1.4.1. er tiltekið að tímakaup í dagvinnu sé 0,615% af mánaðarkaupi miðað við 6. launaþrep nema tímavinnukaup eftirlaunaþega sem skal miða við efsta launaþrep. Í 1.4.2. er tiltekið í hvaða tilvikum er heimilt að greiða tímavinnukaup. 1.4.2.4. er svohljóðandi: „Starfsmönnum, sem starfa óreglubundið í lengri eða skemmri tíma, þó aðeins í algjörum undantekningartilvikum.“ Þetta er ákvæði sem af hálfu stefnda er talið að vinna í verkfalli á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 falli undir.

Þessi skilningur stefnda leiðir til þess að þeir félagsmenn stefnanda sem kvaddir voru til starfa á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 fá í flestum tilvikum lægra tímakaup en almenn starfskjör þeirra segja til um, en því var ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda að um 87% af félagsmönnum stefnanda séu í 7. og 8. launaþrepi.

Í grein 1.5. er fjallað um yfirvinnutímakaup. Í 1.5.1. segir að tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki sé 1,0385% af mánaðarlaunum miðað við það launaþrep, er starfsmaður tekur laun eftir.

Í grein 2.3. er fjallað um yfirvinnu. 2.3.1. er svohljóðandi: „Yfirvinna telst sú vinna, sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vinnuvöku starfsmanns, svo og vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé.“ Í 2.3.3.1. segir m.a., að þegar starfsmaður er kallaður til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skuli greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 3 klst.

Í verkfalli stefnanda féll niður vinnuskylda þeirra félagsmanna stefnanda sem ekki voru undanþegnir verkfallsheimild skv. 19. gr. laga nr. 94/1986. Var vinna þeirra félagsmanna stefnanda sem kvaddir voru til starfa skv. 20. gr. laganna því vinna sem innt var af hendi utan tilskilins daglegs vinnutíma og umfram vikulega vinnutímaskyldu.

Þegar litið er til orðalags 20. gr. laga nr. 94/1986, þ.e. að heimilt er að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi, svo og orðalags í athugasemdum við 20. gr. í lagafrumvarpinu, en þar er talað um heimild til þess að kalla starfsmenn til vinnu í þeim tilgangi að afstýrt verði neyðarástandi, þá verður ekki á þann skilning stefnda fallist, að kvaðningu

starfsmanns til vinnu í verkfalli samkvæmt 20. gr. tilvitnaðra laga, verði ekki jafnað til útkalls. Framlagt bréf starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, dags. 8. nóv. 1994, styður og þennan skilning. En í bréfi þessu er m.a. talið æskilegt að tilnefndur sé varamaður fulltrúa stefnanda í undanþágunefnd skv. 21. gr. laga nr. 94/1986 og tekið fram að hægt þurfi að vera að ná í fulltrúa í undanþágunefnd jafnt á nóttu sem degi.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða okkar að taka beri kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 100.000. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið litið til virðisaukaskattskyldu lögmannspóknunar.
